

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Orkudeild

ÁFOK Á MIÐSVÆÐI ÞJÓRSÁR

eftir

JENS TÔMASSON, JARDFRÆÐING

Nóvember 1963

RAFORKUMÁLASTJÓRI
Orkudeild

ÁFOK Á MIÐSVÆÐI ÞJÓRSÁR

eftir

JENS TOMASSON, JARDFRÆDING

Nóvember 1963

Efnisyfirlit:

1.	Um ösku og öskulög	bls.	1
2.	Vinnuaðferðir	-	1
2.1	Skekjur og skekkjuvaldar.....	-	2
2.2	Úrvinnsla mælinga	-	3
3.	Áfok Þjórsár og Tungnaárvæðisins	-	3
3.1	Áfok á fleti sunnan Búrfells	-	3
3.2	Saga og magn áfoksins	-	5
3.3	Áfok á fleti norðan Búrfells	-	6
4.	Sérstakar rannsóknir	-	9
5.	Niðurstöður	-	10
5.1	Sögulegt yfirlit	-	11
5.2	Uppblástur	-	12
5.3	Útreikningar á foki	-	12
6.	Frekari rannsóknir	-	15
6.1	Útvíkkun hins rannsakaða svæðis	-	15
6.2	Rannsóknir í rannsóknarstofu	-	15

Töflur:

- Tafla I Áfoksmælingar
Tafla II Áfok niður á H 1947, K 1918, H 1766
Tafla III Vindáttir á Hæli 1961
Tafla IV Aurburður vegna áfoks og öskulaga

Myndir:

- Mynd 1 Kort af rannsóknarsvæðinu
" 2 Áfok frá 1963 til 1947 o.s.fr.
" 3 Áfok fyrir mynni Þjórsárdals
" 4 Flótur 4 við Þjófafagil
" 5 Snið yfir Ferjufit

1. Um ösku og öskulög

Það mun hafa verið Hákon Bjarnason og Sigurður Þórarinsson kringum 1935, sem fyrst byrjuðu að rannsaka öskulög og finna út lagskiptingu (Stratigrafi) þeirra og aldur (kronologi). Sigurður hefur haldið þeim rannsóknum áfram síðan. Orðið tefra, þýðir hjá Sigurði gosefni, sem hefur farið í gegnum loftið, í mótssetningu við lava (hraun), sem hefur runnið. Tefrakronologier aldursákvörðun öskulaga (tefrulaga) afstætt (relativt) og ákveðið (absalut). Á mið svæði Þjórsár eru öll öskulög þekkt niður á H 1693 (H 1693 = öskulagið sem kom í Heklugosinu árið 1693) og lögin eru í réttri aldursröð frá nútímanum og niður: H = Hekla, K = Katla, H 1947, K 1918, H 1845, H 1766, K 1721 og H 1693. Í sumum jarðvegssniðum finnast öll þessi lög, en lögin er hægt að þekkja á staðnum (felti) á útliti og ef um einhvern vafa er að ræða, er auðvelt að skilja á milli Heklu og Kötlu laga með ljósbroti á gleri öskunnar. Af framansögðu er það ljóst, að öskulögin geta verið ágæt tæki til að mæla hraða jarðvegsmýndunarinnar.

Eftir tillögu Sigurðar Þórarinssonar var mér falið að rannsaka áfokið á Þjórsár og Tungnaárvæðinu. Áfok = jarðvegur - lífræn efni. Orðið áfok er notað hér í merkingunni jarðvegur enda ekki búið að mæla magn lífrænna efna.

2. Vinnuaðferðir.

Áfokið er mælt þannig, að valinn er út flötur 2 metrar á kant og mælt meðalþykkt áfoksins á þeim fleti, með því að grafa holur með eins meters millibili á tveimur köntum sliks flatar í allt 5 holur. Gerðar voru tvær mælingar í hverri holu, eða alls 10 mælingar. Í fyrstu voru grafnar 10 holur og 20 mælingar eftir sömu reglu og áður var sagt frá.

5 holur og 10 mælingar virtust gefa næstum sömu niðurstöðu og 10 holur og 20 mælingar. Í fleti 2 gáfu fyrstu 10 mælingarnar sama og næstu 10 mælingarnar. Grafnar voru ein til tvær holur innan við 100 metra frá hverjum fleti og ef mælingarnar í þeim holum fóllu innan þeirra marka, sem voru í fletinum, var ekki gert meir, en væru þær frábrugðnar var tekinn nýr flótur, til dæmis fletir 19 og 20. Grafin var ein hola niður á H 1766 lagið í hverjum fleti, þar sem það var til. Tekin var ein jarðvegsprufa úr hverjum fleti. Stundum voru mæld nokkur jarðvegssnið í rofum rétt hjá flótunum. Tekin voru þá snið með hálfs meters millibili. Á nokkrum stöðum voru bara mæld snið í rofum. Eru þau rof á árbakkanum og áfok mjög mikið.

2.1 Skekkjur og skekkjuvaldar í mælingum.

Mælingar á finni öskulögnum er hægt, þegar bezt er, að mæla með 0.25 cm nákvæmni. Nákvæmnin er alltaf betri í jarðvegssniðum í rofum, en í holum.

Þar sem eru miklar mosafembur eru ekki alltaf skýr mörk milli gróðurs og jarðvegs. Mosaþemburnar geta verið mest um 5 cm þykkar, en oftast 2-3 cm og mælingarskekkjan getur verið upp undir 1 cm.

Eftir að mikil og gróf öskulög hafa myndast, verður áfokið mest aska og jarðvegurinn laus í sér. Mörkin við öskulagið verður óskýrara og öskulagið verður mælt þykkra en það raunverulega er. Það er ómögulegt að gefa neina ákveðna tölu, hvað sú skekkja kann að vera mikil (2-3 cm mest) Þessi skekkja kemur helzt til greina við H 1766 og H 1693 af þeim lögum, sem hér eru mæld.

Munur á stærstu og minnstu mælingu á lagi, sem er að meðaltali á 10 cm dýpi, er um 5 cm og þó að farið sé neðar þá eykst sá munur lítið í centrimetrum og minnkar að prósentutölu. Þarf því færri mælingar eftir því sem

dýpra er á lagið, til þess að vera viss um að vera nærrí meðal dýpt lagsins.

Til dæmis: ef það er gerð ein mæling niður á lag í 1/2 m dýpi, eru 80% lýkur á því að mælingin sé innan við 5% frá meðaldýpt lagsins.

2.2 Úrvinnsla mælinga

Í töflu 1 er sett upp meðaltal allra mælinga í hverjum fleti. Í fyrsta dálk tala mælinga, í öðrum lagþykktin og þriðja áfokið frá 1963 og niður á lag það, sem stendur í næstu línu fyrir neðan. Þannig tekið áfokið frá fleiri öskulögum, síðan er reiknað út meðaláfok á ári úr hverjum dálki fyrir sig. Í töflu 2 eru teknir nokkrir þættir úr töflu 1, sem er svo sett inn á mynd 2.

3. Afok Þjórsár og Tungnaárvæðisins

Það er hægt að skipta foki niður í tvennskonar fok, þ.e. fok sem svífur í (suspensjon) loftinu, og það sem hoppar og skoppar með jörðu (traction), það fyrra væri hægt að kalla loftfok og hið seinna jarðfok. Eftirfarandi atriði eru mikilvægust fyrir magn og gerð áfoksins:

1. Gróðurfar
2. Landslag (hér með rennslisstefna árinnar með tilliti til fokáttu)
3. Foks (vind) - áttir
4. Magn og ásigkomulag fokefnis

3.1 Áfokið á hina einstöku fleti sunnan Búrfells.

Byrjað verður að ræða áfokið á neðsta fletinum við Þjórsá og svo upp eftir ánni á sama hátt og í töflu 2 og mynd 2.

Flötur 26 við Bringu er fyrsti flöturinn, það er miklu minna þar, en í fleti 25 næst fyrir ofan. Það er samfelldur gróður á milli og hefur því sennilega stöðvast allt jarð-fok og áfokið þar eingöngu loftfok.

Flötur 25 er aftur á móti mjög nærri gróðurmörkum, en þó ekki í rofi.

Landið í Þjórsárdal og fyrir framan dalinn er næstum örfoka beggja megin Þjórsár, nema örfáar leyfar gróðurs sunnan árinnar, þar sem næstu fletir eru teknir.

Áfokið er grofkornótt að sjá og því líklega komið mjög stutt að. Það getur ekki komið yfir ána, nema sem loftfok eða á ís. Fok í norðaustlægum áttum þarf ekki að koma bara norðan úr rofi. Það geta myndast hvirfilvindar meðfram rofinu og hvirflað foki upp á rof, sem liggja samsíða fokáttinni.

Flötur 35 er í rofi stórs skógi og víðivaxins samfellds gróðurflatar. Næstu fletir eru teknir á gróðurtorfum (gróður restum). Á fleti 36 hefur verið mælt mest áfok í þessum mælingum. Mælingarnar eru í rofi á vífí vaxinni gróðurtorfu, sem er 2 metrar á breidd og um 20 metrar á lengd. Þessi torfa er nyrzt af nokkrum slíkum torfum, sem liggja á línu með lengdarásinn í norð-austur til suð-vesturs. Torfan liggur í árbugðunni, þar sem áin beygir frá suðri til vesturs og er því land í norðaustri til að blása af sunnan árinnar. Flötur 37 er tekinn á stórrí skógi vaxinni gróðurtorfu, sem liggur í árbugðunni, þar sem áin beygir frá vestri til suðurs. Flötur 38 er tekinn ca. 500 metrum þaðan, sem Þjórsá beygir frá norðri til vesturs. Tekinn var flötur á mosaþembum og svo jarðvegssnið í rofi á grastorfu um 50 metrum frá. Var svipað ofan á H 1947 og K 1918 á báðum stöðunum.

Flötur 21 og 22 eru teknir á víðivöknum mosaþembum vestan Búrfellsháls. Flötur 22 er tekinn aðeins nær fjallinu.

Á þessum tveimur flötum finnst ekkert annað lag en H 1947, en skammt þaðan var rof í skógartorfu. Var mælt jarðvegssnið þar (22a), og gaf mælingin niður á H 1947 næstum sömu niðurstöðu og í fleti 21.

Flótur 39 er tekinn í rofi á grasigróinni torfu við bugðuna þar sem Þjórsá beygir norður með Búrfelli.

3.2 Saga og magn áfoksins.

Byrjun uppblásturs (áfoksins) sést bezt í fleti 36. Þar hefur uppblásturinn byrjað á milli 1721 og 1766, því það er eins til tveggja cm lag af finu áfoki fyrir ofan K 1721 og þá byrjar gróft áfok og hefur uppblásturinn byrjað ekki mjög langt frá fletinum. Sama virðist vera á flötunum 35, 37 og 38, þó að ekki sjáist eins skýr mörk, en öllum þessum 4 flötum er lítið fok á milli H 1693 og K 1721, en eykst mjög á milli K 1721 og H 1766.

Það er lang mest áfok á flót 36 og minnsta gróðursvæði, sennilega hefur gróðurlandið tætzt þar í sundur og myndast mikið af lausum fokefnum á alla kanta. Auk þess hefur norðaustan áttin, aðalfokáttin, nokkurt land að blása af sunnan árinnar, sem hún hefur ekki í flötum 35, 37 og 38. Áfokið (36) nær hámarki á milli K 1918 og H 1845 (sjá mynd 3) 1,3 cm á ári. Og eftir 1918 hefur áfokið minnkað vegna minna magns lausefna og sérlega eftir 1947, þá er landið næstum örfoka. (sjá mynd 3)

Skyringar á, að á fleti 38 er minna áfok en 35 og 37 geta verið tvær 1. Það er minna land til að fjúka af á móti austri, og 2. flóturinn er grasi vaxinn og grasio heldur ver jarðfokinu ení kjarrið.

Flötur 21 og 22 er skýlt fyrir aðal fokáttinni, norðaustri og hliðar Búrfells eru grónar og stoppa jarðfokið. Jarðvegurinn í fleti 22 var lagskiptur. Það gæti bent á að jarðvegurinn sé að nokkru myndaður sem vatnsset og það sé skýringin á hinum mikla mismun á jarðvegi í fleti 21 og 22.

Landið sem fletir 21 og 22 liggja á, hefur blásið upp um eða eftir 1766 og gróið upp aftur fyrir 1947. Þannig verður að skýra að bara H 1947 finnst þar, en hin dýpri lög eru á öllum stöðum öðrum þarna í nágrenninu.

Flötur 39 er tekinn skammt þar frá, sem Þjórsá beygir fyrir Búrfell. Hefur aðal fokáttin norð-austur, land til að blása af sunnan árinna. Á mynd 3 sést að uppblastur hefur byrjað á milli 1721 og 1766, eins og í flötum fyrir framan Þjórsárdal.

3.3 Áfok á hina einstöku fleti norðan Búrfells

Fletir 40 og 41 eru teknir á sama gróðursvæði. 41 er tekinn á mörkum svæðisins, en 40 á bakka árinna. Það kemur skýrt í ljós að áfokið er meira á fleti 41 en á 40, sérstaklega, þegar tekið er niður á 1766 lagið.

Flötur 5 liggur í Búrfellsháls austan megin, næstum beint á móti fleti 40 og 41. Flöturinn liggur lægra og skýlla en 40 og 41 og mun sennilegast, að hið aukna skjól, stöðvar fok og veldur auknu áfoki.

Fletir 3 og 2 eru teknir á bökkum Þjórsár. Áfokið er aðeins meira á fleti 3, enda aðeins meira skjól þar. Ekki fundust nein lög fyrir neðan 1918. Hafa þessir staðir, sem gróður fesjurnar eru nú á, blásið upp um eða eftir 1766 og gróið upp aftur fyrir 1918.

Flötur 4 er tekinn við Þjófagil í Búrfelli. Áfokið er þar svipað ofan á H 1947 og K 1918 og á fleti 3.

Fletir 44 og 43 eru í Sölvahrauni, 44 við gróðurmörkin (þó ekki í rofi) en 43,500 m lengra inn á torfunni en bara um 300 m frá gróðurmörkum á móti norðri. Það virðist, að jarðfokið hafi stöðvast að mestu áður en komið er í flöt 43.

Flötur 1 er í Bjarnalækjarbotnum. Þar fannst ekki H 1947 lagið.

Næstu þrír fletir 6, 7 og 8 voru teknir á sama gróðursvæði. Þar voru í tveimur flötum H 1947 og K 1918 og í einum bara H 1947, hefur því blásið upp um eða eftir 1766 og gróið aftur.

Fletir 6 og 7 eru teknir í víðivöxnu myrlendi (nærri þurrt), en flötur 8 er tekinn í þurrlendi nyrzt á torfunni.

Þessir fletir liggja einum 50 metrum hærra en Þjórsá.

Flötur 9 er tekinn í Hrossatungum. Þær eru að blása upp. Þætist því fok úr rofunum við fokið frá söndunum.

Flötur 10 er tekinn við mitt Stangarfjall. Flöturinn liggur 50 metrum hærra en Haf, en þar er nokkur uppblástur. Í fleti 10 fannst bara H 1693 lagið, en ekki H 1766. Nokkuð fyrir neðan H 1693 fannst H 1300 (öruggt lag). Í flötum 11 og 12 fannst bara annað af lögunum H 1766 eða H 1693 og ekki K 1721. Mjög erfitt er að greina milli þessara laga því þau eru að flestu leyti eins.

Flötur 11 er tekinn við ofan vert Stangarfjall, rétt innan við skógræktargirðinguna, í sömu hæð og Haf, en flötur 12 er tekinn 20 m hærra, um 50 metrum frá fleti 11. Sennilega er það hæðin, sem stöðvar jarðfokið, og gerir þennan mismun á magni áfoks.

Fletir 13 og 14 eru teknir á Álfavöllum, 13 nálægt gróðurmörkum en 14 við ána. Það fundust þrjú efstu lögin í flesti 13, en bara tvö efstu í 14.

Allir næstu fletir 27, 16, 15, 28, 29, 30, 17, nema 15, eru annað hvort utan í Sandafelli eða á gróðurræmum meðfram Þjórsá austan megin árinnar gegnt Sandafelli. Flötur 15 er upp á Sandafelli sunnan við háhæðina. Það hefur því ekki með áfok við Þjórsár að gera, en er tekið til að sýna hve hæðir hafa mikil áhrif til þynningar áfoksins og öskulaganna.

Áfokið virðist aukast við ármót Þjórsár og Tungnaár (29, 30, og 17). Vestan árinnar er byrjaður uppblástur (Flötur 17).

Flötur 18 er tekinn í Skúmmstungum þar hverfur K 1918 og þynnust mjög áfokið þar, bæði ofan á H 1947 og H 1766. Litlu ofar eru fletir 19 og 20 teknir. Það er aðeins um 10-20 m á milli þeirra. Flötur 19 er tekinn í myrlendi vaxið víði, en 20 í þurru holti, sem liggur um 2 m hærra. Jarðvegurinn í fleti 19 er aðeins lagskiptur það gæti bent á vatnaset. Set frá ánni er varla um að ræða, því að flöturinn er 6 metra fyrir ofan vatnsborð og ekki miklar íshækkanir þarna.

Flötur 23 er tekinn gegnt Blaustukvísl. Þar er víðivaxið holt, ekki nein rof nálægt.

Flötur 24 er efsti flöturinn við Þjórsá þar var bara 1766 lagið. Flöturinn var tekinn á mosaþembum. Nokkur uppblástur er þarna í kring, en í rofunum fundust engin skýr lög.

Fyrsti flötur við Tungnaá er við Hald, þar eru öll efstu lögín nema H 1693. En þar er annað gróft lag, H 1636.

Næstu þrír fletir 32, 33 og 34 eru teknir í Hrauneyjum. Þar kom eitt lag á milli H 1845 og H 1766, það getur verið Laki 1783. Áfokið er mest í fleti 33 austast á gróðursvæðinu, þar fannst bara H 1947 lagið.

Síðasti flöturinn er flótur 42 við Jökulgilskvísl. Þar er landið í kring mosa gróið og því lítið um fok, enda er áfokið hér mjög lítið.

4. Sérstakar rannsóknir.

Við flöt 4 fyrir framan Þjófagil í Búrfelli, voru fyrst tekin jarðvegssnið í rofi á móti norðri ca. 100 m frá fletinum, svo önnur snið í rofi á móti suðri ca. 200 m frá fletinum. Þetta eru rof, sem er upphaflega mynduð af vatnsgreftri. Það eru tvö fyrirbrigði, sem koma skyrt fram á mynd 4.

- a) Áfokið ofan á tvö efstu lögin er minna í rofinu, sem snýr á móti norðri, en inn á fletinum, en aftur á móti er áfokið niður á neðri lögin, mun meir við rofið en inn á torfunni (fletinum).

Þegar fokið, sérstaklega jarðfokið, kemur upp á gróðurtorfu þá stöðvast það ekki allt strax, heldur stöðvast megin hluti foskins lengra inn á torfunni. Að það er þynnra ofan á bæði efstu lögin, þýðir að rofið hefur fært sig hægt úr stað frá 1918, hins vegar er rofið nú þar sem megin hluti áfoksins hefur stöðvast á milli 1766 og 1918.

- b) Annað atriði, sem kemur fram í mynd 2 er, að áfokið er minna í jarðvegssniðnum á móti suðri en á torfunni (fletinum) sjálfri, sem þýðir að það kemur ekki áfok frá rofum á móti suðri. Er það í fullu samræmi við það, sem kemur fram í töflu 3, um samband á milli vindáttu og úrkому að þurrar suðlægar áttir eru næsta sjaldgæfar.

Þegar frá hinni almennu rannsókn, höfum við nokkur dæmi um, hvernig áfokið breytist frá gróðurmörkum og inn eftir gróðrinum. Til dæmis frá flötum 40 og 41 og svo úr Sölvhrauni (43 og 44). Þessir fletir sýndu, að áfokið var mun meira við gróðurmörkin en inn á gróðursvæðinu, sem hlýtur að orsakast af því, að jarðfokið hefur að einhverju leyti stöðvast.

Til að fá nánari hugmynd um, hvernig jarðfokið hagar sér, var tekinn þverskurður þvert yfir Ferjufit. Ferjufit er gróðurtorfa, sem hefur lengdarásinn frá norðaustri til suðvesturs líkt og meginstefna Þjórsár er. Fitin er nokkra km á lengd og frá 500 m nyrzt og niður í 100 m syðst. Sniðið var tekið sunnan til. Þar er sandurinn í sömu hæð og gróðurinn, en norðar á torfunni eru nokkur rof. Sniðið er 155 m langt. Holur voru teknar með 3 metra millibili, en vestast voru nokkrar holur með 2 m bili. Á stöku stað mitt á gróðursvæðinu er 6 metra bil milli hola.

Í mynd 5 sést hvernig áfokið eykst á móti köntum gróðursins. Á móti austri er aukningin óreglulegri og nær lengra inn á gróðurinn enn á móti vestri. Aðalfokáttin er norð-austan, langa eftir gróðurspildunni og hefur áfokið vestan megin komið með henni, en austlægar fokáttir eru algengar (sjá töflu 3). Mismunurinn á köntunum og inn á torfunni kemur bezt fram, þegar mælt er niður á H 1766, en þegar umreiknað er til áfoks á ári, þá kemur það betur fram á H 1947.

5. Niðurstöður

5.1 Sögulegt yfirlit

Í mynd 2 kemur fram að H 1766 lagið grynnir á sér eftir því sem ofar dregur með Þjórsá. Það er að segja að áfokið minnkar eftir því sem ofar dregur frá því að vera fyrir mynni Þjórsárdals um 0.5 cm og mest 0.9 cm á ári, en frá Sandafelli og upp úr er það alls staðar undir 0.1 cm á ári. Yngri lögin eru á mikið jafnara dýpi. Miðað við þau er áfokið jafnara yfir allt svæðið og er ofan á H 1947 lagið

mest á milli 0.35 og 0.25 cm á ári, þó að það séu fleiri og stærri toppar neðan til. Þetta þýðir að uppblásturinn hefur byrjað fyrir 1766 fyrir mynni Þjórsárdals, en á miðsvæðinu, sem þessar rannsóknir ná yfir hefur hann byrjað seinna kannske á seinstu öld, en efst ekki fyrr en á þessari öld.

Það eru til nokkurar sögulegar heimildir um uppblástur og við vitum, að hann hefur mjög snemma byrjað í innan verðum Þjórsárdal (allt frá 1104). En þó hefur lengi verið trjágróður út í mynni dalsins og rétt eftir 1700 er mjó ræma af kjarrlendi fyrir vestan Fossá í mynni dalsins, sem hefur algjörlega blásið upp á næstu tveimur öldum. Í hinni almennu lýsingu var komið að þeirri niðurstöðu, að uppblásturinn hafi byrjað á milli 1721 og 1766. Má ætla að uppblásturinn hafi byrjað sunnan árinnar, þegar hann var búinn að rífa rifur í gegnum gróðurtorfuna norðan árinnar og það hafi verið um miðja 18. öld. Um uppblástur sunnan árinnar vitum við, að hann var mestur á 19. öld og kemur það nokkuð heim við jarðvegssniðin þar. Í flöt 36 er mest áfok á milli 1845 og 1918 en á hinum flótunum virðist það vera mest á milli 1766 og 1845.

5.2 Í töflu 3 og vindrósinni í mynd 1 kemur fram, að áttir á milli aust-norð-austurs og austurs eru lang algengustu þurru áttirnar á Hæli í Gnúpverjahreppi árið 1961, en það er næsta veðurathuganastöð, sem Veðurstofan hefur á þessu svæði. Nú eru allar gróðurtorfur (leifar) á hinu uppblásnū svæðum með lengdarásinn í norðaustur til suðvesturs, á því svæði, sem þessar rannsóknir ná til. Og munu svo vera á öllu suðurlandi. Þetta berdir til þess að nroð-austan sé lang mesta fok (uppblástrar)-áttin því að gróðurtorfur uppblásturssvæðanna munu hafa lengdarásinn í aðal uppblástursáttina. Frávik vindrósarinnar á Hæli frá uppblástursstefnu svæðisins má skýra á eftirfarandi hátt:

1. Vindáttir á Hæli kunna að vera eitthvað austlægari en á Þjórsárvæðinu, því að Hæll liggur undir hlíðum sem liggja frá festri til austurs, en á Þjórsárvæðinu liggja fjallahryggir í norðaustur til suðvesturs.
2. Mælingarnar ná aðeins til eins árs og geta því gefið skakka mynd af veðurfarinu á þessum stað.

5.3 Útreikningar á foki í Þjórsá og Tungnaá

Fyrir ofan H 1947 lagið er áfokið að meðaltali 0.273 cm per ár og fyrir ofan K 1918 lagið er það 0.287 cm per ár, eða um 0.280 cm að meðaltali. Medianin yrði nokkru hærri. Meðaltalið yrði líka hærra, ef tekið yrði tillit til dreifingar flatanna. Það er að segja, ef reynt er að finna meðaltal af áfoki á hverja flatareiningu meðfram ánni.

Flatarmál Þjórsár frá Ásólfssstaðanesi og upp fyrir Hölkna er 24, 12 km², Tungnaár frá Sultartanga og austur fyrir Vesturbjalla 16,3 km² og Blautakvísl á milli Tungnaár og Þjórsár 1.42 km² samtals um 41.82 km².

Sé reiknað með að áfokið sé 0.3 cm á ári á hverja flatareiningu meðfram ánum, þá verður það á hvern km² 3000 m³; og fokið í árnar um 200 þús. tonn á ári ef rúmþyngd er 1,3 g/cm³. Nú or ekki öll sagan sögð með þessu, því á þessu svæði, sem rannsóknirnar ná yfir, er mest gróðurlaust. Það er aðeins samföldur gróður beggja megin ánná á tveimur stöðum: við Sandafell og Hrauneyjar. Flatarmál ánná á þessum svæðum báðum mun vera ca 5 km² eða um 12% af því flatarmáli, sem reiknað er með.

Aðeins á þessum tveim svæðum mundi fokið í árnar vera eitthvað svipað og meðaltal áfoksins.

Er hægt að vita nokkuð um fokið á árnar á gróðurlausu svæðunum?

Þá er að athuga gróðurmörk og þau gróðurmörk mega ekki vera rof, því að þá yrði áfokið mest úr rofunum sjálfum, heldur þarf það að vera mörk, þar sem lausu efnin í kringum gróðurinn eru samskonar og á gróðurlausu svæðunum við árnar.

Ferjufit, þar sem snið er tekið (mynd 5) fullnægir þessum skilyrðum og sömuleiðis fletirnir 40 og 41 í hinni almennu lýsingu. Áfokið á þessa gróðurjaðra er helmingi meira, en meðaltalið af öllum mælingunum eða um 0,6 cm á ári. Ef reiknað er með, að fyrrnefndri tölu frá gróðurmörkum, sem fok í árnar á öllu hinu rannsakaða svæði, mundi það svara til ca. 400 þúsund tonna foks í árnar á ári af svæðinu.

Nú er þetta ekki sama og fokið í árnar, því að jarðfokið heldur áfram yfir gróður að einhverju leyti; en þegar það lendir í á, þá hrífur án það með sér.

Sigurður Þórarinsson hefur skrifað grein um uppblástur (og áfok) á Íslandi í sögulegri tíð og forsögulegri í ársrit Skógræktarfélagsins 1961. Í þeirri ritgerð er ein af hans niðurstöðum, að áfokið á milli tveggja forsögulegra Heklulaga H_3 og H_4 hafi verið 0.03 cm á ári á suðurlandi, sem sagt tíu sinnum minna, en meðaláfokið miðað við H 1947 og K 1918 löggin á Þjórsárvæðinu. Þetta áfok mundi svara til ca. 20 þúsund tonna foki í árnar á ári á rannsóknarsvæðinu. Þetta stafar af því að landið mun þá að mestu hafa verið gróið.

Öskulögin koma, sem aurburður í árnar árið, sem þau falla. Í jarðvegssniðunum er mæld þykkt öskulaganna. Út frá þykktinni og með sama flatarmáli ánnan og áður hefur verið reiknað með, þá má reikna út hve mikil rúmmál af ösku hefur fallið í árnar við öskugosin á rannsóknarsvæðin. Eg reiknaði frekar í rummálseiningu en þyngdar því að rúmþyngd á öskulögum er mjög misjöfn og litlar mælingar til um það. Þó mun rúmþyngd öskunnar alltaf mun minni,

en annara steinefna.

Út frá þessu hefur fallið í árnar ca. 300 þúsund m³ af ösku árið 1947, árið 1918 hafa líka komið ca. 300 þúsund m³ og árið 1766 ca. 3 milljónir m³ á rannsóknarsvæðinu.

Til að bera þessar niðurstöður saman við aðrar aurburðarrannsóknir, ætla ég að umreikna fokið í árnar sem aurburð af hverjum km² vatnsvíðsins. Rannsakaða svæðið svarar til 900 km² vatnsvíðs. Heildarfok í árnar af svæðinu var 200 þúsund tonn eða um 222 tonn aurburður af hverjum km² vatnsvíðs. Þetta var miðað við meðaltal allra mælinga niður á H 1947 og K 1918. Þessar mælingar eru flestar inn á gróðursvæðum, en ef reiknað er með áfoki á gróðurjaðar þá ætti aurburður af hverjum km² að vera um helmingi meiri eða um 444 tonn á km². Loks verður til samanburðar reiknað út aurburð á hvern km² á tímabilinu á milli öskulaganna H₃ og H₄ það gefur aurburð á hvern km² vatnssvíðs 22 tonn.

Þessar niðurstöður eru færðar inn í töflu 4. Auk þess er reiknaður út aurburður vegna foks í Þjórsá við Búrfell og Urriðafoss og þá reiknað með sama gildi á hvern km² og á rannsakaða svæðinu, sem að vísu er ekki þekkt. Í síðustu dálkum töflunnar er fært inn rúmmál þeirrar ösku, sem hefur fallið beint í ána á rannsakaða svæðinu við öskugosin H 1947, K 1918 og H 1766. Miðað við þá þjöppun, sem þau hafa í jarðvegssniðunum.

Aurburður Þjórsár er ekki þekktur en af líkum má ráða, að hann nemi nokkrum milljónum tonna á ári við Búrfell og Urriðafoss. Því má ætla að verulegur hluti aurburðarins sé vegna foks í ána.

6. Frekari rannsóknir

Frekari rannsóknum má skipta niður í tvennt 1) útvíkkun hins rannsakaða svæðis. 2) Rannsóknastofuvinna við ákvörðun á magni lífrænna efna, kornastærðardreifingu og eölisþyngdarmælingar. 3) rannsókn á bergfræðilegri samsetningu foksins.

6.1 Útvíkkun hins rannsakaða svæðis

Eins og fram kemur í töflu 4 er hið rannsakaða svæði einungis 1/7 af vatnasviði Þjórsár við Búrfell. Þörf er því á, að útvíkka rannsóknina, til þess að hún nái yfir mestan hluta vatnasviðsins. Sérstaklegá má vænta sambærilegs árangurs norðan Tungnaár upp með Þjórsá og Koldukvísl upp í Þjórsárver. Á öðrum svæðum eru öskulöginn minna þekkt og því meiri óvissa um hvort sambærileg niðurstaða náist.

6.2 Rannsóknir í rannsóknarstofu

Sýnishorn voru tekin úr öllum flötum og er þörf á að velja úr þeim nokkurn hluta til rannsóknarstofu rannsókna. Þær rannsóknir sem gera þarf eru eftirfarandi.

- 1) ákvörðun á magni lífrænna efna í jarðveginum. Hin lífrænu efni eiga að dragast frá jarðvegsþykknuninni til þess að fá raunverulegt áfok.
- 2) Rannsókn á kornadreifingu sýnishornanna. Er sú rannsókn mikilvæg til samanburðar við aurburðarsýnishorn. Svo og til hjálpar við rúmþyngdarákvörðun.
- 3) Eölisþyngdar og rúmþyngdarmælingar. Þessar mælingar, undir lið 2 og 3 gefa grundvallarstærðir til aukins skilnings á eðli áfoksins.
- 4) Bergfræðileg rannsókn á samsetningu áfoksins. Hún er mikilvæg til samanburðar við aurburðarsýnishorn og auka skilning á uppruna fokjarðvegsins.

Raforkumálastjóri
Orkudeild 29.10.1963

ÅFOKSMELLINGAR MIDSVÄDI PÅJÖRSÅR

Flötur 1		Flötur 2		Flötur 3	
1	2	3	4	5	6
tala mæl- inga	Lag þykkt cm	Afok fra 1963 till	Afok fra 1947 till	Afok fra 1918 till	Afok prá 1845 til
áfok	20	12,6	12,6	0,280	0,280
K 1918	20	11,6	24,5	0,163	0,163
áfok	20	11,9	11,9	0,216	0,216
H 1845	20	1,1	23,9	0,152	0,152
áfok	20	12,0	36,5	0,182	0,182
H 1766	1	3	35,4	0,199	0,199
áfok	1	sp/c	22,5	0,189	0,189
K 1721	1	0,5	37,9	0,181	0,181
áfok	2	2,5	0,089	0,176	0,176
H 1693	2	10			
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 1		Flötur 2		Flötur 3	
áfok	20	3,2	3,2	0,200	0,200
H 1947	20	0,95	8,48	0,099	0,099
áfok	20	5,28	5,28	0,188	0,188
K 1918	20	0,93			
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 2		Flötur 3		Flötur 4	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	0,7	11,60	0,225	0,225
áfok	10	6,55	6,55	0,258	0,225
K 1918	10	1,00			
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 3		Flötur 4		Flötur 5	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 4		Flötur 5		Flötur 6	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 5		Flötur 6		Flötur 7	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 6		Flötur 7		Flötur 8	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 7		Flötur 8		Flötur 9	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 8		Flötur 9		Flötur 10	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 9		Flötur 10		Flötur 11	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 10		Flötur 11		Flötur 12	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 11		Flötur 12		Flötur 13	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 12		Flötur 13		Flötur 14	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 13		Flötur 14		Flötur 15	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 14		Flötur 15		Flötur 16	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 15		Flötur 16		Flötur 17	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 16		Flötur 17		Flötur 18	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 17		Flötur 18		Flötur 19	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 18		Flötur 19		Flötur 20	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 19		Flötur 20		Flötur 21	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 20		Flötur 21		Flötur 22	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 21		Flötur 22		Flötur 23	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 22		Flötur 23		Flötur 24	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 23		Flötur 24		Flötur 25	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 24		Flötur 25		Flötur 26	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 25		Flötur 26		Flötur 27	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 26		Flötur 27		Flötur 28	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok	10	1,00			
K 1918	10				
Summa öskulaga					
þykkt jarðvegssniðs					
Flötur 27		Flötur 28		Flötur 29	
áfok	10	5,05	5,05	0,318	0,318
H 1947	10	6,55	11,60	0,225	0,225
áfok</td					

TAFELA I frh.

TAFILA I frh. 3.

۳

四

TAFLa I frh.

5

TAFLA I frh.

6

TAFILA I frh.

TAFLA I frh.

7.

		Flötur 14					Flötur 15					Flötur 16					Flötur 17				
		1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13	14	15	16	17	18	19	
mæl-	inga	Lag	Afok	Afok	Afok	Méðal-	Méðal-	Méðal-	Méðal-	Méðal-	Méðal-	Fyrkt	Jarðvegs-	Summa	Fyrkt	Jarðvegs-	Summa	Fyrkt	Jarðvegs-	Summa	
Flötur	14																				
afok	H 1947	10	2,15	2,15																	
afok	H 1947	10	1,1	1,1																	
afok	K 1918	10	6,95	9,10																	
	Summa öskulaga	10	0,2																		
	Pykkt jarðvegssniðs																				
Flötur	15																				
afok	H 1947	10	1,6	1,6																	
afok	H 1947	9	0,9	1,78	3,38	1,78															
afok	K 1918	9	0,01	0,01	12,0	15,38	13,78	12,0													
afok	K 1918	2			12,5																
	Summa öskulaga	2																			
	Pykkt jarðvegssniðs																				
Flötur	16																				
afok	H 1947	10	3,45	3,45																	
afok	H 1947	7	0,45	3,5	6,95	3,5															
afok	K 1918	7	sp	3,58	10,70	7,25															
afok	K 1918	7		5,6	35,25	45,95	42,50	38,83													
afok	H 1766	10																			
afok	H 1766	2																			
	Summa öskulaga	2																			
	Pykkt jarðvegssniðs																				
Flötur	17																				
afok	H 1947	10	4,00	4,00																	
afok	H 1947	10	0,60	7,85	11,85	7,85															
afok	K 1918	10	sp	6,75	18,60	14,60	6,75														
afok	K 1918	10		2,25	21,10	17,10	9,25														
afok	H 1766	4																			
afok	H 1766	2																			
afok	K 1721	2																			
afok	K 1721	2																			
	Summa öskulaga	2																			
	Pykkt jarðvegssniðs																				

32,95

Summa öskulaga
Pykkt jarðvegssniðs

4,35

TAFLA I frh.

१

TAFLA I frh.

10.

TAFLA I frh.

11.

TAFLA I frh.

Flötur 28		Flötur 29		Flötur 30	
1	2	3	4	5	6
tala mæl- inga	Lag bykkt cm	Afok frá 1963 til	Afok frá 1947 til	Afok frá 1918 til	Méðal- tal pr. ár 1 dálk
áfok	10	3,55	3,55	0,221	0,221
H 1947	10	0,95	8,50	0,202	0,202
áfok	9	4,95	4,95	0,189	0,189
K 1918	9	sp	8,95	0,021	0,049
áfok	9	3,26	12,50	0,064	0,021
H 1766	10	2,95	8,95	0,080	0,056
áfok	10	3,6	16,1	0,062	0,035
K 1721	4	0,1	12,55	0,070	0,044
áfok	4	2,88	18,98	1,103	0,061
H 1693	4	sp			
Summa öskulaga		Pykkt jarðvegssniðs		4,0	
Pykkt jarðvegssniðs		Pykkt jarðvegssniðs		22,98	
Flötur 30		Flötur 29		Flötur 28	
1	2	3	4	5	6
áfok	10	5,30	5,30	0,331	0,331
H 1947	10	0,35	11,8	0,224	0,262
áfok	4	6,5	6,5	0,034	0,086
K 1918	4	sp	16,9	0,078	0,047
áfok	4	5,1	8,45	1,61	0,054
H 1766	9	2,78	5,1	0,081	0,044
áfok	2	3,5	11,95		
K 1721	2	0,5	8,6		
áfok	2	4,5	16,48		
H 1693	2	2	13,3		
Summa öskulaga		Summa öskulaga		5,53	
Evrkt jarðvegssniðs		Evrkt jarðvegssniðs		27,28	

12.

TAFLA I frh.

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11
tala mæl- inga	Lag þykkt cm	Afok fra 1963 til	Afok fra 1947 til	Afok fra 1918 til	Megal- tal pr.år 1 dálk 2	Megal- tal pr.år 1 dálk 3	Megal- tal pr.år 1 dálk 4	Megal- tal pr.år 1 dálk 5	Summa ösku- laga	þykkt jarðvegs- sníðs
Flötur 30										
áfok	10	5,50	5,50		0,378	0,378				
H 1947	10	1,05	11,0	5,5	0,190	0,245	0,190			
áfok	2	5,5	sp.	9,45	4,75	0,031	0,078	0,052	0,031	
K 1918	2	sp.	15,75	2,7						
áfok	2	4,75								
H 1766	10									
Summa öskulaga										
þykkt jarðvegssníðs									3,75	18,70
Flötur 31										
áfok	10	4,75	4,75		0,297	0,297				
H 1947	10	1,70	6,14	6,14	0,178	0,242	0,178			
áfok	8	sp.	10,89							
K 1918	8	5,75	15,75	11,0	5,75	0,038	0,077	0,061	0,038	
áfok	8	1,36	2,5	13,5	8,25	0,056	0,075	0,060	0,042	
H 1766	9	2,5	0,5	21,25	16,5	0,033	0,063	0,051	0,038	
áfok	2	2,0	5,75							
K 1721	2									
áfok	2									
H 1636	2									
Summa öskulaga										
þykkt jarðvegssníðs									9,31	30,56

۱۳۷

TAFLA I frh.

Summa öskulaga
Burkitt jarkkueessanti

卷之三

一四〇

TAFLA I frh.

15.

TAFLA I frn.

	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	11	12	13
	tala	Lag	áfok	áfok	áfok	áfok	medal-	medal-	medal-	medal-	medal-	summa	fyrkt
	mæl-	pykkkt	fra	fra	fra	fra	tal	tal	tal	tal	tal	ösku-	jarð
	inga	cm	1963	1947	1918	1845	pr. ár	laga	vegs-				
<u>Flötur 36</u>													
áfok	5	6,0	6,0	6,0	6,0	6,0	0,375	0,375	0,375	0,375	0,375	8,7	216,0
H 1947	5	0,4	26,8	32,8	26,8	26,8	0,923	0,923	0,923	0,923	0,923		
áfok	5	0,5	92,5	125,3	119,3	92,5	1,270	1,270	1,270	1,270	1,270		
K 1918	4	0,5	0,5	0,5	0,5	0,5	1,062	1,062	1,062	1,062	1,062		
áfok	4	92,5	125,3	119,3	119,3	119,3	0,916	0,916	0,916	0,916	0,916		
H 1845	4	0,5	55,0	180,3	174,3	142,2	0,697	0,697	0,697	0,697	0,697		
áfok	4	55,0	180,3	174,3	174,3	174,3	0,884	0,884	0,884	0,884	0,884		
H 1766	3	72,3	27,0	207,3	201,3	169,2	0,600	0,600	0,600	0,600	0,600		
áfok	1	2,0	2,0	2,0	2,0	2,0	0,205	0,205	0,205	0,205	0,205		
K 1721	1	6,0	213,3	207,3	175,2	88,0	0,791	0,791	0,791	0,791	0,791		
áfok	1	3,0	3,0	3,0	3,0	3,0	0,777	0,777	0,777	0,777	0,777		
H 1693	1												
Summa öskulag													
Pykkkt													
Jarðvegssniðs													
<u>Flötur 37</u>													
áfok	9	4,70	470				0,293	0,293	0,293	0,293	0,293		
H 1947	9	0,6	8,90	13,60	8,9	8,9	0,309	0,309	0,309	0,309	0,309		
áfok	9	0,6	32,8	46,40	41,7	32,8	0,436	0,436	0,436	0,436	0,436		
K 1918	9	0,9	0,9	91,2	86,5	77,6	0,565	0,565	0,565	0,565	0,565		
áfok	5	44,8	44,8	91,2	91,2	91,2	0,463	0,463	0,463	0,463	0,463		
H 1845	5	12,0	14,0	105,2	100,5	91,6	58,8	58,8	58,8	58,8	58,8		
áfok	1	0,5	0,5	112,7	108,0	99,1	66,3	66,3	66,3	66,3	66,3		
H 1766	1	7,5	7,5	7,0	7,0	7,0	0,416	0,416	0,416	0,416	0,416		
áfok	1						0,425	0,425	0,425	0,425	0,425		
K 1721	1						0,440	0,440	0,440	0,440	0,440		
áfok	1						0,440	0,440	0,440	0,440	0,440		
H 1693	1						0,436	0,436	0,436	0,436	0,436		
Summa öskulag													
Pykkkt													
Jarðvegssniðs													

TAFILA I. frh.

17.

TAFLA I frh.

18.

TAFLA I frh.

TAFLA II

Flötunum er raðað þannig að efst er neðsti flöturinn við Bjórsá og þá í röð upp með ánni og síðan áfram upp með Tungnaá.

Numer á fleti	áfok frá 1963	áfok frá 1963	áfok frá 1963	meðal- tal per ár í dálk 2	meðal- tal per ár í dálk 3	meðal- tal per ár í dálk 4
26		6.80	18.57		0.152	0.077
25	6.70	13.60	37.3	0.420	0.702	0.190
35	6.30	16.00	104.1	0.394	0.356	0.528
36	6.0	32.8	180.3	0.375	0.730	0.916
37	4.7	13.6	91.2	0.293	0.302	0.463
38	4.55	14.55	56.7	0.284	0.338	0.288
21	3.0			0.187		
22	9.7			0.607		
22a	2.75		38.75	0.174		0.196
39	3.3	19.6	73.32	0.206	0.435	0.340
40	3.25	8.65	25.00	0.204	0.197	
41	3.75	11.25	35.75	0.224	0.334	
5	6.5	18.2		0.407	0.402	
3	5.05	11.6		0.318	0.225	
4	4.75	12.95	23.45	0.297	0.296	0.120
2	3.2	8.48		0.200	0.188	
44	3.95	11.9	45.6	0.247	0.352	0.238
43	2.56	6.7	18.5	0.160	0.149	0.094
1	12.6	12.6	36.5			0.146
7	3.0	15.9		0.188	0.357	
6	4.1	15.0		0.257	0.334	
8	4.6			0.288		
9	5.5	16.0	55.0	0.334	0.335	0.297
10	6.2	19.0		0.387	0.423	
11	4.35	8.35	{26.65}	0.275	0.186	{0.099}
12	3.79	6.61	{10.49}	0.236	0.097	{0.017}
13	6.7	13.4		0.418	0.289	
14	2.15	9.0		0.133	0.202	
27	3.6	7.2	10.8	0.226	0.169	0.055
16	3.45	6.95	10.7	0.216	0.154	0.060
15	1.6	3.38		0.100	0.061	
28	3.55	8.50	12.5	0.221	0.189	0.064
29	5.3	11.8	16.9	0.331	0.262	0.086
30	5.5	11.0	15.75	0.378	0.245	0.078
17	4.0	11.8	18.6	0.250	0.264	0.094
18	2.1		7.2	0.131		0.037
19	5.45		14.25	0.340		0.072
20	2.45		5.15	0.154		0.025
23	4.65		16.5	0.290		0.084
24			8.25			0.042
31	4.75	10.89	15.75	0.297	0.242	0.077
32	2.2	5.6	10.5	0.137	0.124	0.080
34	2.5	5.2	13.4	0.156	0.116	0.081
33	4.6			0.288		
42		3.3			0.073	

TAFLA III

Hæll 1961

Athugun á tiföni úrkoma f misstunandi vindáttum

Athuganir alls 1437, úrkoma f 557 skipti (39%), purriðri f 880 skipti (61%)

Vind- átt	Fjöldi athugana			Úrkoma, % af fjölda athugana			Purriðri, % af fjölda athugana			Allt árið		
	Okt.- febr.	marz- júní	júlí- sept.	Okt.- febr.	marz- júní	júlí- sept.	Okt.- febr.	marz- júní	júlí- sept.	Fjöldi	Úrkoma %	Purriðri %
N	2	10	2	0	10	0	100	90	100	14	7	93
NNA	17	17	5	0	35	0	100	25	100	39	15	85
NA	6	55	22	12	15	1	88	85	83	163	13	83
AA	8	38	54	14	29	17	86	71	83	220	17	64
A	12	124	56	47	23	39	53	77	61	292	16	26
ASA	12	4	11	67	75	82	33	25	18	74	62	38
SA	7	2	7	71	50	57	29	50	43	10	95	5
SSA	14	12	18	93	92	96	7	8	16	44	93	5
S	57	19	20	96	84	90	4	16	10	96	81	7
CSV	15	21	11	87	64	100	13	14	35	47	63	19
SV	18	5	6	100	40	33	0	60	64	105	41	37
VSV	0	13	6	46	50	50	-	54	58	59	41	53
V	5	51	50	100	33	42	0	67	63	105	41	50
VNV	0	4	6	-	50	17	-	50	0	100	3	70
NV	0	1	2	-	100	0	-	0	0	100	0	67
NNV	0	1	0	-	100	0	-	100	-	1	0	100
Logn	141	104	76	39	41	29	61	59	71	321	37	63


TAFLA IV



Aurburður vegna áfoks og öskulaga

	Aurburður á ári af ferkilometra vatnsvíos vegna áfoks			Aurburður á ári vegna áfoks 1000 tonn			Aurburður vegna öskufalls gosárið		
	vatna- svíos km ²	meðal- tal flata	groður á milli H ₃ - H ₄	meðal- tal flata	groður á milli H ₃ - H ₄	miðað við jaðrar	1000 m ³	1947	1948
Rannsakaða sveði	900	222	444	22	200	400	20	300	300
Pjórsá við Búrfell	6380	222	444	22	1400	2800	280	-	-
Pjórsá við Urridá- foss	7200	222	444	22	1600	3200	320	-	-


Vindros frá Hælli í Gníupperi
árið 1961. Skýggat með úrkому
Óskiyggt án úrkumu

Mynd 1





Mynd 3




‘Afkok i sentimetrum
frá 1963 til 1947, 1918,
1845, 1766, 1721 og 1693

Flötunum raðað eins og í
mynd 2

Fnr. 64771

Mynd 4



Mynd 5

